

Frágangur
SPIILLIEFNA
hjá fyrirtækjum



Hugsum áður en við hendum!

Umhverfissvið Íslenska Gámafélagsins

577 5757

www.gamafelagid.is

igf@igf.is

Spilliefnamóttaka Íslenska Gámafélagsins

Spilliefni er flokkur margra mismunandi efna sem eiga það sameiginlegt að innihalda efni sem hafa óæskileg áhrif á umhverfið. Mörg spilliefni hafa einnig heilsuspillandi áhrif. Spilliefni geta verið óblönduð eða hluti af öðrum efnum eða jafnvel umbúðir sem hafa komist í snertingu við spilliefni. Það er afar mikilvægt að flokka spilliefnaúrgang sérstaklega, til að koma í veg fyrir að hann sé urðaður með almennum úrgangi eða valdi skaða á annan hátt. Íslenska Gámafélagið sækir spilliefni til viðskiptavina sinna og kemur þeim í viðeigandi ferli og tryggir um leið að ekki skapist hættu af þeirra völdum.

Íslenska Gámafélagið getur einnig sótt raftæki til viðskiptavina en þeim á að halda sér. Raftæki sem um ræðir eru t.d. tölvur, prentarar, símar, hátalarar, skjáir og reykskynjarar.

Sóttmengaður úrgangur telst **ekki** sem spilliefni og skal skila sérstaklega.



Dæmi um spilliefni

- ☠ Efnavörur sem eru í hættumerktum umbúðum
- ☠ Olía og olíumengaður úrgangur (t.d. olíumengaðir klútar)
- ☠ Málning, lakk og leysiefni (þynnir)
- ☠ Kvikasilfursvörur
- ☠ Kælmiðlar (t.d. freon)
- ☠ Rafgeymar
- ☠ Rafhlöður
- ☠ Prenthylki (geta innihaldið spilliefni)
- ☠ Ljósaperur (geta innihaldið spilliefni)
- ☠ Raftæki (geta innihaldið spilliefni)



Í dag eru hættumerkin níu talsins. Þessi merki eru tígullaga, hvít með rauðum kanti og merkir myndin mismunandi hættu. Áður fyrr voru merkin sjö talsins og voru þau ferningslaga og appelsínugul á litinn.



Umgengni við spilliefnaílát og kör

Góður frágangur á spilliefnum eykur líkur á betri og öruggari flokkun þeirra og minnkar á sama tíma líkur á slysum á fólki og í umhverfi.

Tryggja skal að:

- ☠ Spilliefni séu geymd í lokuðum og lekaheldum ílátum
- ☠ Spilliefnum sé ekki hent í karið þannig að umbúðir geti rofnað
- ☠ Innihald spilliefnakarsins haldist þurrt. Hafa skal þar til gert lok á karinu ef það er geymt utandyra.
- ☠ Spilliefnakör séu ekki yfirfyllt
- ☠ Spilliefnum sé haldið í upprunalegum umbúðum til að koma í veg fyrir óæskilega blöndun við önnur spilliefni.
- ☠ Ekki sé átt við körin á neinn hátt til að koma í veg fyrir mögulegan leka á innihaldi þess.
- ☠ Olíumengaður úrgangur sé geymdur sér, þ.e. settur í poka áður en hann fer í spilliefnakarið. Ef t.d. mikið fellur til af olíumenguðum tuskum er hægt að hafa sér ílát fyrir þær.
- ☠ Raftækjum, rafgeymum og rafhlöðum sé haldið aðskildum frá öðrum spilliefnum.
- ☠ Sóttmenguðum úrgangi sé ekki blandað við spilliefni.

